

# 1.300-1.400 misstu bótarétt um áramót

● Peir sem luku bótarétti sínum eiga nú kost á að sækja um starfsþjálfunarræði ● 5,8% atvinnuleysi í desembermánuði ● Hraðar hefur dregið úr atvinnuleysi meðal karla en kvenna

Alls féllu 1.300-1.400 atvinnuleitendur af atvinnuleysisráði og luku bótarétti sínum um áramótin þar sem þá rann út bráðabirgðaákvæði sem gerði atvinnuleitendum sem misstu starf sitt eftir 1. mars 2008 kleift að fá greiddar atvinnuleysisþryggingar í allt að 48 mánuði. Hefur hámarksbótaréttur nú styst í 36 mánuði.

Í umfjöllun Vinnuálastofnunar kemur fram að þessi breyting leiðir að óbreyttu til minnkunar á skráðu atvinnuleysi í janúar. „Atvinnuleysi eykst yfirleitt í janúar vegna árstíðasveiflu á vinnumarkaði. Minnkun á skráðu atvinnuleysi mun ekki verða jafn mikil og telur til fjölda þeirra sem misstu bótarétt sinn um síðustu áramót. Vinnuálastofnun gerir því ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í janúar muni af þessum ástæðum verða á bilinu 5,1%-5,5%.“

Peim sem luku bótarétti standa til boða atvinnu- og starfsþjálfunarræði sem lögfest



Morgunblaðið/Styrmir Kári  
**Atvinna Atvinnuleysi eykst yfirleitt í janúar.**

voru fyrir áramót vegna langtímaatvinnulausa. Peir sem hafa nýtt bótaréttinn í 36-42 mánuði geta sótt um framfærslustyrk og verða þá áfram á atvinnuleysisráði hjá Vinnuálastofnun. Peir sem hafa fengið bætur lengur en í 42 mánuði geta sótt um að taka þátt í úrræðum en þeir koma ekki fram í atvinnuleysistöflum, að sögn

Karls Sigurðssonar, sviðsstjóra hjá Vinnuálastofnun.

## Atvinnulausum fjölgaði milli mánaða

Skráð atvinnuleysi á landinu í desember var 5,7%, en að meðaltali voru 8.958 atvinnulausir í mánuðinum og fjölgaði þeim um 396 að meðaltali frá nóvember eða um 0,3 prósentustig.

Eftir bankahrunið 2008 varð atvinnuleysi mun útbreiddara meðal karla en kvenna en að sögn Karls hefur dregið mun hraðar úr því meðal karla á umliðnum misserum. Sú þróun hélt áfram á seinasta ári.

„Atvinnuástandið versnaði hvað hraðast í ákveðnum greinum við hrunið s.s. byggingariðnaði og fleiri greinum og það er einkum fólk úr þeim greinum sem er að missa bótaréttinn í mestum mæli núna og þ.a.l. detta karlar hraðar út.“ segir hann. [omfr@mbl.is](mailto:omfr@mbl.is)

## 15% meðal ungs fólks

» Atvinnuleysið var 5,3% meðal karla í desember og fór úr 5% í nóvember og 6,1% meðal kvenna og fór úr 6%.

» Alls voru 9.489 manns atvinnulausir í lok desember.

» Fjöldi þeirra sem verði hafa atvinnulausir í meira en eitt ár var 3.277 í desemberlok og fjölgaði um 13 frá lokum nóvember. Af 16-24 ára voru 1.450 atvinnulausir í lok desember eða 15% allra atvinnulausra.

## Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2013, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. janúar 2013 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2013, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olúgjaldi, kílómetragjaldi, gjöstináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipagjöldum, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvargsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfengisgjald, fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2013

Tollstjóri  
Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Sýslumaðurinn á Akranesi  
Sýslumaðurinn í Borgarnesi  
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi  
Sýslumaðurinn í Búðardal  
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík  
Sýslumaðurinn á Patreksfirði  
Sýslumaðurinn á Hölmavík  
Sýslumaðurinn á Siglufirði  
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  
Sýslumaðurinn á Blönduósi  
Sýslumaðurinn á Akureyri  
Sýslumaðurinn á Húsavík  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði  
Sýslumaðurinn á Höfn  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Selfossi  
Sýslumaðurinn í Vík  
Sýslumaðurinn á Hvalsvíli



Morgunblaðið/Styrmir Kári

**SGS í framhaldi af formannafundi Starfsgreinasambandsins í gær þar sem rætt var um samningamálin fundaði samninganeftirnir og fór yfir stöðuna.**

## Samkomulag í burðarliðnum

● Hærrí framlög í starfsmenntunarsjóði

Ómar Friðriksson  
[omfr@mbl.is](mailto:omfr@mbl.is)

Þau drög að samkomulagi um endurnýjun kjarasamninga sem fyrir liggja eftir viðræður samninga- nefndar ASÍ og fulltrúa Samtaka atvinnulífsins (SA) í framhaldi af útspli SA, fengu jákvæðar undirtektir á fundi formanna aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins, sem haldinn var í gær. Fleiri landsambönd og félög munu funda um þessar hugmyndir á næstu dögum en endanleg afstaða verkalýðshreyfingarinnar mun væntanlega leggja fyrir eftir formannafund ASÍ á föstudaginn.

Af samtölum við forystumenn í verkalýðshreyfingunni má ráða að lítil hljómgrunnur sé fyrir hugmyndum um að segja samningunum upp. Eins og greint var frá í Morgunblaðinu í gær er lagt til að samningarnir haldi gildi sínu en samningstíminn verði stuttur til 30. nóvember. Hafist verði handa við undirbúning að gerð næstu kjarasamninga og segja viðmælendur að menn myndu þá strax í vor hefja vinnu við kröfugerð og annan undirbúning að nýjum samningum, með von um launa- hækkunar 1. desember. Jafnframt verði áfram unnið að jöfnun lífeyrisréttinda.

## Rætt verði við flokkana

Skv. heimildum blaðsins hefur einnig greitt fyrir að samkomulag virðist vera í burðarliðnum að atvinnurekendur fallast á að hækka framlög í starfsmenntunarsjóði, sem hefur verið baráttumál verkalýðsfélaganna vegna mikillar ásóknar í sjóðina. Þó að prósentu- hækkunin sé ekki mikil eða 0,1% geta fjárhæðirnar hlaupið á mill-

## 3,75% hærrí launakostnaður

» Ef gengið verður frá samkomulagi um að kjarasamningarnir gildi áfram til 30. nóvember munu almenn laun hækka um 3,25% 1. febrúar. Lágmarkslaun hækka þá enn fremur um 11 þúsund kr. og lægstu taxtar nokkur meira í prósentum eða um allt að 6,1% í afmörkuðum tilvikum.

» SA hafa metið að heildarhækkun launakostnaðar verði 3,75%.

önum eða jafnvel nokkrum tugum milljóna hjá einstökum félögum. Athygli hefur vakid í umræðum um samkomulagsdrögin að í þeim er ekki víkið að viðræðum úr ríkissjóðnum en aðkomu hennar, heldur er fjallað um mikilvægi þess að stjórnmálaflokkarnir komi að framgangi einstakra mála sem viðsemjendur leggja áherslu á.

Einstök stéttarfélag hafa í vikunni sett frá sér ályktanir vegna kjaramálanna. AFL Starfsgreinafélag telur að þrátt fyrir að forsendur kjarasamninga séu að mestu brostnar sé ekki stæða til átaka á vinnumarkaði að sinni. Stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Besti þinginn samþykkti að beina þeim tilmælum til samninganeftnda ASÍ að kjarasamningum verði ekki sagt upp. Þrátt fyrir þungt hjóð í fundarmónum gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum var talið að illskærri kostur væri að halda í samningum en segja honum upp með tilheyrandi óvissu í kjölfarið.